



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

## Inngangur Vorkomu

Komið þið sæl.

Sumardagurinn fyrsti er skemmtilegur séríslenskur hátíðisdagur þótt það sé mjög upp og ofan hvort sólin skín á himni eða ekki. – Hún skín í sinni okkar þennan dag. Eftirvænting eftir komu vorsins fyllir hugann!

Það er orðin áratugahefð að halda Vorkomu stjórnar Akureyrarstofu á þessum góða degi. Þá kemur fólk saman þrúðbúið og tilkynnt erum heiðursviðurkenningar, byggingarlistaverðlaun Akureyrarbæjar og hver verður næsti bæjarlistamaður. Afar hátíðlegt og skemmtilegt.

Að þessu sinni eigum við ekki kost á að hittast í raunheimum - og í stað þess að fresta eða hætta við þá höfum við útbúið nokkurskonar Vorkomu á netinu sem fer hér á eftir.

Við gleðjumst saman yfir okkar skemmtilega og skapandi bæ – þótt við getum ekki komið saman.

Gleðilegt sumar kæru vinir!